



Forsætisnefnd

***Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um kosti þess að stofna til vinaborgarsamtarfs við borg eða svæði í Palestínu***

Á fundi borgarstjórnar þann 9. janúar 2023 var samþykkt að vísa svohljóðandi tillögu borgarfulltrúa Vinstri grænna til meðferðar forsætisnefndar:

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að ráðast í athugun á kostum, göllum og möguleikum á því að Reykjavík gerist vinaborg Gazaborgar eða annarrar borgar/svæðis í Palestínu.

Það tilkynnist hér með.  
Greinagerð fylgir tillögunni.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar lögðu fram svohljóðandi bókun:

Í mars 2021 samþykkti borgarstjórn nýja alþjóðastefnu til ársins 2030. Ýmislegt nýtt var kynnt í stefnunni sem leggur upp með að alþjóðlegt samstarf Reykjavíkurborgar styðji við áhrif, ímynd og mörkun borgarinnar, styrki samkeppnishæfni hennar og öfluga þekkingarmiðlun borgarinnar sem bæði miðlar þekkingu og áskotnast aukin þekking með sínu alþjóðasamstarfi. Í stefnunni er horfið frá hefðbundnu vinaborgarsamstarfi en slíkt samstarf hefur oft á tíðum verið táknrænt í stað þess að vera alvöru hreyfiafl í þágu íbúa þó það sé ekki hægt að alhæfa í því efni. Í staðinn er lögð áhersla á marghliða samstarf og verkefnabundið samstarf sem þjónar hagsmunum íbúa og áherslum borgarinnar. Eina undantekningin sem gerð hefur verið síðan stefnan tók gildi er nýlegt vinaborgarsamband við Lviv sem hófst formlega vorið 2022 en byggði á samstarfsverkefnum á sviði menningar og endurhæfingar og kom það frumkvæði frá borgarstjóra Lviv. Á sama tíma var horfið frá vinaborgarsamstarfi við Moskvu. Íhuga þarf vel hvers konar alþjóðlegu samstarfi borgin vill taka þátt í og á hvaða forsendum og mun það grundvallast á gildandi stefnu borgarinnar. Því er lagt til að tillögunni sé vísað til forsætisnefndar sem hefur umsjón með alþjóðasamstarfi borgarstjórnar.

Borgarfulltrúar Sósíalistaflokks Íslands lögðu fram svohljóðandi bókun:

Með því að taka fordæmi margra annarra borga og taka upp vinaborgarsamband við borg í Palestínu myndi Reykjavík senda sterk skilaboð um að hún standi við mannréttindastefnu sína, að hún leggist gegn hryllilegum árásum og mannréttindabrotum sem eru framin á íbúum Palestínu og hafa verið framin áratugum



Reykjavíkurborg

saman. Hefur borgin þegar tekið slíkt samband upp á svipuðum forsendum við borgina Lviv í Úkraínu. Sósíalistar styðja tillöguna heilshugar, enda ekki hægt að sitja hjá meðan atburðir af þessari stærðargráðu standa yfir.

Virðingarfyllt,  
Helga Björk Laxdal  
e.u.